

10. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, föstudaginn 19. júní 2015 kl. 12:00

Mætt eru: Gunnólfur Lárusson formaður , Jósteynn Hermundsson, Aðalbjörn Arnarsson og Steinunn Leósdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

1. Bréf frá Umhverfisstofnun dags 29.05.2015

Í bréfinu er Umhverfisstofnun að benda á að óheimilt sé að auglýsa meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis. Lagt fram til kynningar.

2. Umsókn um byggingu bílskúrs og stækkun íbúðar við Hálsveg 5.

Eigendur að Hálsvegi 5 óska eftir leyfi til að byggja bílskúr og stækka húsið um eitt herbergi. Um er að ræða 60m² bílskúr og 20m² stækkun á húsi. Jafnframt er óskað eftir því að núverandi bílskúr verði skráður sem geymsla þar sem hann getur ekki nýst sem bílskúr. Þessum lið frestað til næsta fundar.

3. Ósk um lóðaleigusamning vegna Háholts 3

BJ vinnuvélar óska eftir því að fá lóðina Háholt 3 afhenta sem félagið er búið að vera með að láni sl. 3 ár. Nú telur BJ vinnuvélar sig búið að fjárfesta verulega í lóðinni og óskar eftir að hafa hana um ókomna framtíð.

USN samþykkir samhljóða að lóðin verði gerð að leigulóð og gerður verði lóðaleigusamningur við BJ vinnuvélar. USN leggur til að gerður verði lóðaleigusamningur til 5 ára og verði ekki fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á þeim tíma verður samningurinn endurskoðaður að þeim tíma liðnum. Samþykkt samhljóða.

4. Sorpmál (14 liður í fundargerð sveitarstjórnar)

Á fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 6. júní sl. var eftirfarandi fært til bókuar. “*Framtíð úrgangsmála í Langanesbyggð*

Lagt til að starfshópur sem stofnað var til á 15. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar dags. 15. janúar 2015 verði lagður niður. Lagt til að umhverfis- og skipulagsnefnd taki við málinu og að hún í samvinnu við sveitarstjóra leggi fram fyrstu tillögur að framtíðarlausnum í úrgangsmálum fyrir Langanesbyggð fyrir 30. september n.k. ,,

Umhverfis- og skipulagsnefnd fagnar þessari breytingu enda er tekið skýrt fram í erindisbréfi Umhverfis- og skipulagsnefndar að hún farið með þessi mál og mun hún strax hefja vinnu við framtíðarlausn í úrgangsmálum.

5. Virkjun í ám.

Formaður lagði fram gögn sem Björgvin Þóroddsson hafði afhent honum sem varða vatnsaflsvirkjanir frá árinu 1987 en þá var verið að skoða virkjun í Sandá í Pistilfirði. Mikil umræða fór fram um hvort hægt væri að virkja einhverjar ár

í Langanesbyggð og leggur umhverfisnefndin til að gögnin verði geymd á skrifstofu Langanesbyggðar.
Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

a. Ósk eftir úthlutun lóðar

Míla óskar eftir lóð við hliðina á núverandi póst- og símahúsi á Bakkafirði en ástæða umsóknarinnar er að núverandi eigandi hefur sagt Mílu upp leigunni, og telja þeir besta kostinn að fá lóðarskika fyrir hús og mastur við hliðina á gamla póst- og símahúsinu. Þar sem allar símalagnir í þorpinu liggja inn í það hús yrði minnsti tilkostnaðurinn ef nýr staður yrði í nágrenni við Hafnargötu 3. Um yrði að ræða ca 5 – 6m² og yrði hús flutt tilbúið á staðinn. Staurinn á lóðinni þyrfti einnig að færast á nýju lóðina. Umhverfisnefndin tekur vel í erindið og leggur til að sveitarstjóri vinni málið áfram með Mílu.

b. Bygging stiga v/efri hæðar að Eyravegi 2

Formaður lagði fram bréf dagsett 18.júní 2015 þar sem óskað er eftir leyfi umhverfisnefndar fyrir stiga sem þegar hefur verið smíðaður við húseignina að Eyravegi 2 v/efri hæðar. Umhverfisnefnd gerir athugasemd við það hversu erindið barst seint, en gerir ekki athugasemd við stigann sem slíkan svo framarlega sem það liggi fyrir skriflegt samþykki meðeiganda. Samþykkt samhljóða.

c. Umhverfisnefnd leggur til að það verði máluð gangstétt á Miðholtið og Austurveg þar sem göngubrautin upp í skóla / íþróttahús liggja.

d. Umhverfisnefnd leggur til að athugað verði hvort hægt sé að tengja Hálsveginn við Miðholtið upp á tjaldstæði þegar búið er að úthluta Hálsvegi 12.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl.15:00